

Benchmark Genetics Iceland hf.
Bæjarhrauni 14
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 26. janúar 2023
UST202205-022/G.S.O.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 28. desember 2022 þar sem fram kom að eitt frávík hefði komið fram í eftirliti í fiskeldisstöð Benchmark Genetics Iceland hf. í Kollafirði þann 7. desember sl. Þann 18. janúar 2023 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

1. Gr. 3.1 í starfsleyfi sem var í gildi árið 2021. Losun fosfórs frá stöðinni var, árið 2021, umfram heimiluð mörk í starfsleyfi. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður brugðist við frávikinum með því að virkja hreinsunarbúnað á frárennslinu í einu eldishúsinu en stefnt er að því að búnaðurinn verði virkjaður fyrir 30. júní nk. Með þessu stefnir rekstraraðili á að ná losunarmörkum á fosfór niður fyrir 7 kg á fosfór á framleitt tonn. Þá mun rekstraraðili auk þess fylgjast vel með fóðrun.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíksins verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikinum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur